Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Uppkast að Reykjavíkurbréfi, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Reykjavíkurbréf – Morgunblaðið

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-30, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

"Nú fara menn að skilja vegna hvers Bjarni Benediktsson er mesti verkfallsráðherra Íslendinga. Menn hafa hingað til álitið , að það stafi af ráðaleysi og stefnuleysi hans, en ekki ásetningi. Aðalmálgagn hans gefur annað til kynna."

~~Enn ætlar Tíminn að reyna að fara að telja landsfólkinu trú um~~ að Morgunblaðið telji Bjarna vísvitandi að því að koma verkföllum af stað. Fyrir hverja er slík vitleysa skrifuð? Hverjum er ætlað að trúa því að nokkur maður sé svo illgjarn, sem hér er gefið í skyn, að aðalmálgagn Sjálfstæðisflokksins telji formann flokksins og forsætisráðherra þjóðarinnar vera? Á sömu dagana, sem Tíminn lýsir ásetningi Bjarna Benediktssonar spilla vinnufriði segir Þjóðviljinn 9. ágúst :

"Raunin hefur samt orðið sú, að engin stjórn hefur verið jafn íhlutunarsöm um gerð kjarasamninga og Viðreisnarstjórnin, og hefur á því sviði kveðið að Bjarna Benediktssyni. Í nýgerðum samningum kom hann í senn fram sem fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands og sáttasemjari ríkisins, þannig jafn Kjartan Thors, sem Torfi Hjartarson urðu atvinnulausir með öllu. Og Bjarni Benediktsson lét sér ekki nægja að vera með nefið niðri í hverju kjaraatriði, smáu og stóru; hann hefur einnig samið við verkalýðshreyfinguna um hina mikilvægustu þætti löggjafar og hagstjórnar, húsnæðismál, atvinnumál, félagsmál og fjármál."

Og að sögn Þjóðviljans þennan dag kom Bjarni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki einungis í stað Kjartans THors og Torfa Hjartarsonar, hledur líka Verkalýðsfélaganna. Í forustugrein Þjóðviljans stendur:

"Svo sem kunnugt er var þernaðaráætlun ráðherrans sú að koam WWW verkalýðsfélögunum sunnanlands og austan í sjálfheldu, WWWW upp á þau kjör án nokkurra raunverulegra samninga. WWW Færði ráðherrann sér í WWWW neyðarástand í atvinnumálum, sem ríkisstjórnin hefur leitt yfir byggðarlög á Norðurlandi til þess að ná þar sérsamningum, þar sem slakað var á kjarakröfum til þess að ná hinum fr...u umbótum í atvinnumálum, og síðan atlast/ráðherrann til að ist mundu sætta sig við sömu kosti".

Hefur raunar Tíminn sjálfur haldið svipuðu fram, að Bjarni Benediktsson hafi ráðið samningsgerð félaganna á Norur- og Austurlandi. WWWWWWWWWWWWWW WWWW að það var eimitt Þjóðviljinn sem barðist fyrir því að verkalýðsfélögin gerðu enga samninga, og skammir hans beinast raunverulega að forustumönnum félaganna fyrir að láta ekki verða úr þeirri hernaðar- WWWWWWWWáætlun, þó í orði kveðnu sé látið svo að það sé Bjarni sem verið sé að skamma WWWWW en ekki þeir er samningana gerðu.

~~Vita ekki sitt rjúkandi ráð.~~

...rrmennskaganga stjórnarandstæðinga hefur auðsjáanlega haft þau áhrif á þá, að þeir vita ekki lengur sitt WJ rjúkandi ráð. Þeirra heitasta ósk er að koma stjórninni frá völdum. Þess vegna